



**686. fundur bæjarráðs Hveragerðis**  
**haldinn í fundarsal Sunnumörk 2, fimmtudaginn 2. nóvember 2017 kl. 08:00.**

**Fundinn sátu:**

Unnur Þormóðsdóttir formaður, Friðrik Sigurbjörnsson, Viktoría Sif Kristinsdóttir, Aldís Hafsteinsdóttir bæjarstjóri og Helga Kristjánsdóttir skrifstofustjóri.

**Fundargerð ritaði:** Helga Kristjánsdóttir, skrifstofustjóri..

Unnur Þormóðsdóttir, formaður, setti fund og stjórnaði. Leitaði hún eftir athugasemdum við fundarboð en engar komu fram.

**Dagskrá:**

**1. Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 19.október 2017. - 1710028**

Í bréfinu er kynnt að ráðuneytinu hafi borist stjórnarsýslukæra Orteka Partners á Íslandi ehf. þar sem kærð er ákvörðun Hveragerðisbæjar frá 15. júlí 2017 um að afturkalla úthlutun á þar til greindum lóðum til kæranda.

*Bæjarráð samþykkir að fela lögmanni bæjarins að svara erindinu fyrir hönd Hveragerðisbæjar.*

Fylgiskjöl:

[Bréf frá Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu frá 19.október 2017. - 1710028](#)

**2. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 29.september 2017. - 1710032**

Í bréfinu er kynnt úthlutun úr Námsgagnasjóði fyrir árið 2017. Grunnskóli Hveragerðis fær kr. 384.028.- úthlutað.

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgiskjöl:

[Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 29.september 2017. - 1710032](#)

[Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga frá 29.september 2017. - 1710032](#)

**3. Bréf frá Náttúrufræðistofnun Íslands frá 8.september 2017. - 1710038**

Í bréfinu er kynnt ritið Vistgerðir Íslands sem Náttúrufræðistofnun Íslands gaf út fyrr á árinu.

*Lagt fram til kynningar.*

Fylgiskjöl:

[Bréf frá Náttúrufræðistofnun Íslands frá 8.september 2017. - 1710038](#)

**4. Bréf frá Mannvit frá 30.október 2017. - 1710039**

Í bréfinu er rætt um endurskoðun sameiginlegrar svæðisáætlunar um meðhöndlun úrgangs á Suðvesturlandi.



*Bæjarráð samþykkir að bæjarstjóri, formaður umhverfisnefndar og umhverfisfulltrúi verði tengiliðir sveitarfélagsins við endurskoðunina.*

Fylgiskjöl:

[Bréf frá Mannvit frá 30.október 2017. - 1710039](#)

**5. Bréf frá Stígamótum frá 15.október 2017. - 1710029**

Í bréfinu óskar Stígamót eftir fjástuðningi frá Hveragerðisbæ vegna ársins 2018.

*Bæjarráð samþykkir að styrkja Stígamót um kr. 120.000.- á árinu 2018.*

Fylgiskjöl:

[Bréf frá Stígamótum frá 15.október 2017. – 1710029](#)

**6. Bréf frá Kvennaathvarfinu frá október 2017. - 1710037**

Í bréfinu óskar Kvennaathvarfið eftir fjárstuðningi frá Hveragerðisbæ vegna ársins 2018.

*Bæjarráð samþykkir að styrkja Kvennaathvarfið um kr. 120.000.- á árinu 2018.*

Fylgiskjöl:

[Bréf frá Kvennaathvarfinu frá október 2017. – 1710037](#)

**7. Nafnabreyting Austurmörk 6-10. - 1710041**

Í bréfinu er óskað eftir nafnabreytingu á úthlutun lóðarinnar Austurmörk 6-10 á Hveraberg ehf kt. 470617-2760.

*Bæjarráð samþykkir nafnabreytinguna.*

Fylgiskjöl:

[Nafnabreyting Austurmörk 6-10. – 1710041](#)

**8. Fjárhagsáætlun 2018. - 1710043**

Lögð fram fjárhagsáætlun 2018 fyrir Hveragerðisbæ.

*Bæjarráð samþykkir að vísa fjárhagsáætluninni til fyrri umræðu hjá bæjarstjórn.*

Fylgiskjöl:

[Fjárhagsáætlun 2018. – 1710043](#)

[Fjárhagsáætlun 2018. - 1710043](#)

**9. Minnisblað frá bæjarstjóra: Ærslabelgur í Hveragerði. - 1710042**

Lagt fram minnisblað frá bæjarstjóra frá 31. október vegna kaupa á "Ærslabelg".

*Bæjarráð samþykkir að kaupa 100 m<sup>2</sup> "ærslabelg" sem yrði staðsettur á útivistarsvæðinu undir Hamrinum og settur upp á vormánuðum 2018. Fenginn verði landslagsarkitekt til að hanna gróflega svæðið með tilliti til fjölbreyttrar útivistar og afþreyingar fyrir alla fjölskylduna. Kostnaður fellur undir þegar samþykka fjárveitingu til annarra leikvalla.*

Fylgiskjöl:

[Minnisblað frá bæjarstjóra: Ærslabelgur í Hveragerði. – 1710042](#)



**10. Forkaupsréttur Austurmörk 2. - 1710030**

Lagður fram kaupsamningur vegna fasteignarinnar Austurmörk 2 fastanúmer 223-4365, matshluti 02-01-05 en Hveragerðisbær á þar forkaupsrétt á grundvelli skipulags.

*Bæjarráð bendir á að í kauptilboðinu er rétt um Austurmörk 2 en fastanúmer tilheyrir Austurmörk 20.*

*Afgreiðslu málsins frestað til næsta bæjarstjórnarfundar.*

**11. Bréf frá Laufeyju Heimisdóttur ódagsett. - 1710031**

Í bréfinu óskar Laufey Heimisdóttir, deildarstjóri á leikskólanum Óskalandi eftir námsleyfi vegna mastersnáms í stjórnun menntastofnana.

*Bæjarstjóra falið að ræða við bréfitara og leikskólustjóra í samræmi við umræður á fundinum.*

**12. Fundargerð Tónlistarskóla Árnesinga frá 23.október 2017. - 1710033**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgiskjöl:

[Fundargerð Tónlistarskóla Árnesinga frá 23.október 2017. – 1710033](#)

**13. Fundargerð Tónlistarskóla Árnesinga frá 30.október 2017. - 1710040**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

*Bæjarráð óskar Helgu Sighvatsdóttur til hamingju með ráðningu í starf skólustjóra Tónlistarskóla Árnesinga.*

Fylgiskjöl:

[Fundargerð Tónlistarskóla Árnesinga frá 30.október 2017. – 1710040](#)

**14. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 18.október 2017. - 1710034**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgiskjöl:

[Fundargerð Heilbrigðisnefndar Suðurlands frá 18.október 2017. – 1710034](#)

**15. Fundargerð stjórnar SASS frá 4.október 2017. - 1710035**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

Fylgiskjöl:

[Fundargerð stjórnar SASS frá 4.október 2017. – 1710035](#)

**16. Fundargerð stjórnar SASS frá 18.október 2017. - 1710036**

*Fundargerðin lögð fram til kynningar.*

*Bæjarráð fagnar ákvörðun heilbrigðisráðherra um fjölgun hjúkrunarrýma í Árnessýslu*



*en bendir ráðuneytinu jafnframt á mikilvægi þess að tvíbýlum á hjúkrunarheimilinu Ási verði útrýmt eins fljótt og auðið er. Það eru sjálfsögð mannréttindi fyrir aldraðan einstakling að fá að búa í einbýli en vera ekki þvingaður til þess að deila herbergi með öðrum síðustu æviárin.*

Fylgiskjöl:

[Fundargerð stjórnar SASS frá 18.október 2017. - 1710036](#)

Fundargerð upplestin og samþykkt.

**Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9:31**

Unnur Þormóðsdóttir, (sign)

Friðrik Sigurbjörnsson, (sign)

Viktoría Sif Kristinsdóttir,  
(sign)

Aldís Hafsteinsdóttir, (sign)

Helga Kristjánsdóttir, (sign)